

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 23 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Með reglugerð (EB) nr. 773/2004 eru felldar úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 2842/98 ⁽⁵⁾ og (EB) nr. 2843/98 ⁽⁶⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 3. gr. bókunar 21 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað texta 4. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94) komi eftirfarandi:

„**32004 R 0773**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18).“
2. Texti 5. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98), 15. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98) og 16. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98) falli brott.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 42.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1994, bls. 28.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 354, 30.12.1998, bls. 18.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 354, 30.12.1998, bls. 22.

Eftirfarandi bætist við á eftir 10. gr. bókunar 23 við samninginn:

„AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM

10. gr. a

Þegar eftirlitsstofnun veitir aðilum, sem andmælum er beint til, aðgang að málsskjölum skal aðgangurinn ekki taka til innanhússskjala hinnar eftirlitsstofnunarinnar eða samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær t.a.m. ekki til bréfaskipta á milli eftirlitsstofnananna, milli eftirlitsstofnunar og samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða milli samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða í EFTA-ríkjunum þegar slík bréfaskipti eru hluti af málsskjölum þar til berrar eftirlitsstofnunar.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 773/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, hvort sem síðar verður.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

